



Alþýðusamband Íslands

Inngangur

Íslenskt hagkerfi hefur tekið stakkaskiptum á síðustu vikum sem munu hafa umtalsverðar afleiðingar á efnahagslífi á komandi árum. Fyrir ári síðan voru horfur á að hagkerfið myndi lenda mjúklega eftir uppsveiflu síðustu ára en nú er ljóst að framundan er verulegur samdráttur. Alþjóðleg fjármálakreppa og hrun íslenska bankakerfisins munu skerða kjör heimilanna verulega og þrengja mjög að fyrirtækjum í landinu á næstunni.

Í þessari greinargerð hagdeildar ASÍ er reynt að leggja mat á horfurnar í íslensku efnahagslífi næstu tvö árin. Óvissan er mikil, framvinda efnahagsmála á næstu misserum veltur m.a. á því hvernig við bregðumst við hér innanlands og einnig hvernig hinni alþjóðlegu fjármálakreppu vindur fram.

Gengið er út frá þeirri forsendu að við leitum aðstoðar frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og að í kjölfarið fáum við frekari aðstoð frá alþjóðasamfélaginu. Slík aðstoð er forsenda þess að unnt verði að koma gjaldeyrisviðskiptum í eðlilegt horf og styrkja gengi krónunnar. Jafnframt er mikilvægt að leggja strax grunninn að stöðugleika til lengri tíma með því að stefna markvisst að upptöku evru. Sú ákvörðun skiptir sköpum til að auka trúverðugleika á íslenskt efnahagslíf sem er lykilatriði til þess að við náum jafnvægi í hagkerfinu og getum unnið okkur út úr núverandi efnahagsþrengingum.

Gengi krónunnar hefur verið í sögulegri lægð undanfarið en gangi þessi sýn okkar eftir gerum við ráð fyrir að gengisvísitalan rétti úr sér og verði um 170 stig árið 2009 og 160 stig á árinu 2010. Samhliða þessu munu stýrivextir lækka. Þá er gert ráð fyrir að á tímabilinu verði byggt álver í Helguvík og orkuver því tengdu.

Horfur 2008 - 2010

Mikill viðsnúningur hefur orðið á efnahagslífi þjóðarinnar á skömmum tíma. Í stað þess að hagkerfið lendi mjúklega í lok stóriðjuframkvæmdanna eins og flest benti til fyrir ári síðan stefnir nú allt í snarpan en fremur skammvinnan samdrátt í landsframleiðslu. Hagdeildin

HELSTU HAGSTÆRÐIR

Hlutfallsleg breyting	2006	2007	Áætlun 2008	Spá 2009	Spá 2010
Einkaneysla	4,4	4,3	-6	-18	0
Samneysla	4,0	4,2	4	4	4
Fjármunamyndun	20,4	-13,7	-14	-32	28
Þjóðarútgjöld	9,3	-1,4	-6	-16	6
Útflutningur	-5,0	18,1	10	-5	4
Innflutningur	10,2	-1,4	-9	-19	14
Landsframleiðsla	4,4	4,9	-1	-9	2
Verðbólga ¹	6,8	5,0	13	12	3
Atvinnuleysi ²	1,5	1,0	1-2	4-5	4-5

¹ Breyting milli ársmeðaltala, neysluverðsvísitala

² Hlutfall af áætluðum mannafla

gerir ráð fyrir að þegar á þessu ári dragist landsframleiðslan saman um tæpt prósent og á árinu 2009 áætlum við að landsframleiðslan dragist mikið saman eða um 8%-10%. Viðsnúningur verður hins vegar á árinu 2010 þegar hagvöxtur eykst á ný.

Heimilin draga hratt saman

Rýrnum kaupmáttar, hækkandi vöruverð, versnandi aðgengi að lánsfé, vaxandi atvinnuleysi og vaxandi greiðslubyrði lána leggst allt á eitt til að draga úr neyslu heimilanna. Á seinni hluta þessa árs komu fram vísbendingar um samdrátt í einkaneyslu og í kjölfar bankahrunsins og gjaldeyriskreppunnar sem nú ríkir, hefur neyslan dregist enn meira saman. Hagdeildin gerir ráð fyrir að einkaneyslan dragist mikið saman undir lok þessa árs og minnki um tæp 6% á milli áranna 2007 og 2008. Á árinu 2009 nær samdrátturinn hámarki þegar einkaneyslan dregst saman um tæpan fimmtung en verður svo óbreytt á árinu 2010. Ætla má að nokkur fólksfækkun verði í kjölfar efnahagsþrenginganna sem skýrir að hluta mikinn samdrátt í heildar einkaneyslu.

Þriðjungs samdráttur í fjárfestingum á næsta ári

Gera má ráð fyrir að fjárfestingar dragast mikið saman næstu tvö árin. Heildarfjárfestingar minnka um 14% á yfirstandandi ári og um ríflega þriðjung á næsta ári. Viðsnúningur verður á árinu 2010 þegar heildarfjárfestingar taka að aukast að nýju og gerum við ráð fyrir tæplega þriðjungs aukningu á því ári.

Í ár dragast íbúðafjárfestingar saman um tæplega fjórðung og fjárfestingar atvinnuveganna um fimmtung en veruleg aukning verður í fjárfestingum hins


opinbera sem áætlað er að aukist um rúman fjórðung á milli ára. Þar munar mestu um auknar framkvæmdir ríkisins, m.a. í samgöngum og öðrum verkefnum.

Á árinu 2009 er gert ráð fyrir lítilli atvinnuvegafjárfestingu annarri en framkvæmdum við álver í Helguvík og tengd orkuver. Líklegt er að fyrirtæki muni halda að sér höndum og ráðist ekki í framkvæmdir fyrr en efnahagslífið tekur að rétta úr kútnum. Aðgengi fyrirtækja að fjármagni er takmarkað auk þess sem lánakjör hafa versnað stórlega. Ekki er útlit fyrir að þetta taki að batna fyrr en á síðari hluta næsta árs. Húsnæðismarkaðurinn verður áfram frosinn og íbúðafjárfestingar dragast saman um tæplega 30% á næsta ári. Á sama tíma standa fjárfestingar hins opinbera í stað. Gert er ráð fyrir að ríkið muni áfram auka framkvæmdir á sínum vegum en samdráttur í fjárfestingum sveitarfélaganna vegi upp á móti. Samhliða samdrætti í íbúðabyggingum dregur úr framkvæmdum sveitarfélaganna við uppbyggingu nýrra hverfa auk þess sem tekjur þeirra dragast saman og aðgengi að fjármagni er takmarkað. Við þessar aðstæður í efnahagslífinu er mikilvægt að hið opinbera styðji við atvinnulífið með áframhaldandi fjárfestingum og viðhaldsverkefnum til að draga úr áhrifum þrenginga á vinnumarkaði.

Fjárfestingar taka að aukast á ný á árinu 2010 og þá áætluð við að atvinnuvegafjárfestingin taki verulega við sér og aukist um eða yfir 50% að stóriðjuframkvæmdum meðtöldum. Íbúðafjárfestingar og fjárfestingar hins opinbera munu einnig aukast lítillega á árinu 2010.

Snöggur viðsnúningur í utanríkisviðskiptum

Hagdeildin áætlar að útflutningur aukist um 10% á yfirstandandi ári vegna mikillar aukningar á álframleiðslu. Framleiðsla í álveri Alcoa við Reyðarfjörð er nú hafin að fullu og útflutningstekjur þaðan farnar að skila sér til þjóðarbúsins. Áætlanir gera ráð fyrir að álframleiðsla aukist um ríflega 70% á



þessu ári en á móti vegur að útflutningur sjávarafurða dregst saman um 6%. Á árinu 2009 mun útflutningur dragast saman um 4-5% sem að mestu leyti má rekja til

samdráttar í þjónustuútflutningi í viðskipta- og fjármálaþjónustu. Útflutningstekjur munu aukast að nýju um u.þ.b. 4% á árinu 2010 þegar álver í Helguvík tekur til starfa á síðari hluta ársins.


Mikill samdráttur í einkaneyslu og fjárfestingum skilar sér í snörpum viðsnúningi á innflutningi til landsins. Búast má við að innflutningur dragist saman um allt að 9% í ár og um tæpan fimmtung á því næsta, þrátt fyrir aukinn innflutning á fjárfestingavörum vegna framkvæmda í Helguvík. Samdráttur í innlendri eftirspurn ásamt lágu gengi krónunnar og skorti á erlendum gjaldeyrir hefur þau áhrif að heimili og fyrirtæki snúa sér í auknum mæli að innlendri framleiðslu. Við áætlum að innflutningur aukist á nýjan leik árið 2010 þegar einkaneysla og fjárfestingar taka við sér og gengi krónunnar tekur að styrkjast.

Viðskiptahalli sem verið hefur mjög mikill undanfarin ár mun dragast hratt saman á næstu árum í kjölfar minnkandi innflutnings og vaxandi útflutnings. Á síðustu árum hafa vaxtatekjur og vaxtagjöld erlendis aukist mikið vegna hratt vaxandi eigna og skulda erlendis. Eftir bankakreppu síðustu vikna hafa þessar eignir og skuldir minnkað verulega. Ætla má að vegna þessa muni viðskiptahallinn dragast verulega saman á allra næstu mánuðum.

Verðbólga mikil á næstunni en hjaðnar hratt

Verðbólga eykst enn á næstu mánuðum og gæti farið yfir 20% í upphafi næsta árs en gengið síðan hratt niður. Hagdeildin áætla að verðbólga verði komin í 2,5% verðbólguþröng Seðlabankans undir árslok 2009.

Það sem af er ári hefur verðlag hækkað mikið vegna lækkunar á gengi krónunnar, sem hefur veikst um 65% frá áramótum, og hækkana á matvælum og hrávöru á heimsmarkaði. Um 40% neysluvara hér á landi eru innfluttar og gera má ráð fyrir að lækkun á gengi krónunnar skili sér að endingu inn í verðlag sem



því nemur. Vísendingar eru um að verðhækkningar, m.a. á olíu og korni á heimsmarkaði,

gangi nú til baka sem ætti að skila sér inn í verðlag hér á landi og vinna þannig á móti gengisfalli krónunnar. Húsnæðisverð, sem vegur þungt í vísitölu neysluverðs, hefur farið lækkandi á síðustu mánuðum og má gera ráð fyrir því að staðan á íbúðamarkaði verði áfram þröng á næstu misserum og viðskipti lítil sem þrýsta mun húsnæðisverði niður á við og halda aftur af verðbólgunni.

Mikil óvissa fylgir spám um gengi krónunnar en í þessu mati er gert ráð fyrir því að tiltrú skapist á krónuna að nýju og gengi hennar styrkjast í kjölfarið. Einnig mun minni viðskiptahalli styðja við gengi krónunnar. Við áætlum að gengisvísitalan verði komin í 160 stig á árinu 2010 sem þýðir að krónan styrkist um 20% frá því sem nú er.

Kaupmáttur launa rýrnar áfram

Kaupmáttur launa hefur rýrnað um 5% á síðustu 12 mánuðum vegna mikillar verðbólgu og mun á næstu mánuðum rýrna enn frekar. Búast má við litlu launaskriði vegna þröngrar stöðu á vinnumarkaði á sama tíma og verðbólga eykst enn frekar. Við áætlum að kaupmáttur gæti rýrnað um 7-7,5% árið 2008 og annað eins árið 2009 en að kaupmátturinn aukist á ný á árinu 2010 þegar hagkerfið tekur við sér og verðbólga hjaðnar.


Vinumarkaðurinn

Atvinnuleysi hefur vaxið nokkuð nú á haustmánuðum og allt útlit er fyrir að það muni aukast hratt á næstu misserum. Hrun viðskiptabankanna og erfið staða á gjaldeyrismarkaði, að viðbættum háum vöxtum og mikilli verðbólgu, valda erfiðleikum í rekstri margra fyrirtækja. Búast má við að fjöldi fyrirtæki þurfi á næstu mánuðum að hagræða í rekstri og gjaldþrotum fjölgi til muna. Því má gera ráð fyrir að störfum fækki mjög hratt nú í haust og á næsta ári. Það dregur þó úr áfallinu að stór hluti erlendra starfsmanna mun líklega hverfa heim á leið á næstunni svo og að sennilega munu margir nýta sér möguleika til frekara náms nú þegar atvinnuhorfur versna. Engu að síður gerum við ráð fyrir að atvinnuleysi verði mikið á næstu tveimur árum.

Allt að 10 þús. störf geta tapast á næstu 2-3 árum hér á landi umfram þau nýju sem verða til. Áfallið verður einna mest í mannvirkjagerð. Vegna samdráttar í fjárfestingum er hættu á að hátt í 6 þús. störf tapist í greininni í ár og á næsta ári. Óvíst er hvort aukin fjárfesting atvinnuveganna árið 2010 leiði strax til verulegrar fjölgunar starfa. Áfallið verður einnig mikið í verslun og þjónustu. Þar kemur bæði til verulegur samdráttur í einkaneyslu og yfirtaka ríkisins á stærstu bönkum landsins. Alls gætu tapast um 5 þús. störf í verslun og þjónustu á næstu 2-3 árum auk 4-5 þús. starfa í fjármálaþjónustu, fasteignaviðskiptum o.fl. Þrátt fyrir að sjávarútvegurinn komi til

með að standa ágætlega af sé efnahagssamdráttinn þá er ekki líklegt að greinin muni skila nýjum störfum inn í atvinnulífið í stað þeirra sem hverfa. Þvert á móti er sennilegt að störfum fækki talsvert í veiðum og vinnslu líkt og verið hefur síðustu ár. Ástæðan er bæði hagræðing innan greinarinnar svo og aðlögun að minnkandi aflaheimildum. Ætla má að stöðugleiki verði meiri á opinbera vinnumarkaðnum en á þeim almenna og að störfum þar haldi áfram að fjölga í takt við það sem verið hefur sem er um 8 þús. störf á næstu 2-3 árum.

Undanfarin ár hefur fólki á vinnualdri fjölgað um 2-3 þús. manns á ári. Miðað við þann samdrátt sem fyrirþjáanlegur er í atvinnulífinu er ljóst að eftirspurn starfa verður langt umfram framboðið á næstunni. Búferlaflutningar, minnkandi atvinnuþátttaka og virkar vinnumarkaðsaðgerðir draga eitthvað úr misræminu og milda áhrifin á vinnumarkaðinn. Nú þegar sjást skýr merki um aukinn brottflutning erlendra starfsmanna og ekki er ólíklegt að allt að helmingur þeirra útlendinga sem voru á íslenskum vinnumarkaði í fyrra, eða sem svarar til um 7-8 þús. manns, hverfi af landi brott mjög fljótlega. Hvað varðar atvinnuþátttökuna þá verða ýmis úrræði utan vinnumarkaðarins, eins og endurmenntun eða frekara nám, raunhæft val fyrir marga sem missa starf sitt og lenda í erfiðleikum með að finna nýtt. Enn er óljóst hvernig virkum vinnumarkaðsaðgerðum verður beitt til að koma til móts við aukinn fjölda atvinnulausra en við bindum vonir við að nýleg löggjöf á þessu sviði styðji við þróun úrræða sem auka starfshæfni fólks á vinnumarkaði og létta á vandanum. Sveigjanleiki vinnumarkaðarins veldur því að sá mikli fjöldi starfa sem tapast leiðir ekki endilega til samsvarandi fjölgunar atvinnulausra.



Áætla má að fjöldi atvinnulausra fari yfir 6 þús. manns í lok þessa árs og verði á bilinu 5-10 þúsund næstu tvö árin þar á eftir. Þetta þýðir að skráð atvinnuleysi verður að meðaltali 1,7% á þessu ári og á bilinu 4-5% árin 2009-2010.

Miðað við það mikla áfall sem atvinnulífið hefur orðið fyrir getur atvinnuleysi hæglega orðið meira ef rekstrargrundvöllur fyrirtækjanna í landinu batnar ekki fljótt eða ef vinnumarkaðurinn reynist ekki eins sveigjanlegur og hér er gert ráð fyrir.


Atvinnuástandið verður hvað erfiðast í byggingageiranum og í versluninni. Búferlaflutningar létta líklega meira á ástandinu í byggingageiranum en þar er hlutfall erlends vinnuafls um 40% en aðeins 5% í versluninni.

Skuldir heimilanna

Staða margra heimila er viðkvæm og allt útlit fyrir að róðurinn þyngist enn á komandi misserum. Þegar á fyrri hluta ársins tók verðlag að hækka umtalsvert í kjölfar mikillar gengislækkunar krónunnar og verðbólga hefur á síðustu mánuðum verið sú mesta í tæpa tvo áratugi. Þetta skilar sér svo aftur í hækkun á höfuðstóli og greiðslum af verðtryggðum lánnum heimilanna svo ekki sé minnst á gríðarlega hækkun lána í erlendri mynt og greiðslubyrði þeirra. Við þetta bætist að útlit er fyrir erfiða stöðu á vinnumarkaði á næstu mánuðum og aukið atvinnuleysi.

Á síðastliðnum þremur árum hafa skuldir heimilanna í landinu aukist um ríflega 80% og nema nú um 1.800 milljörðum króna. Þar af hafa gengisbundin lán ríflega sjöfaldast og hefur hlutur þeirra í heildarskuldum heimilanna farið úr u.þ.b. 3% í u.þ.b. 15%. Á sama tíma hafa verðtryggðar skuldir aukist um u.þ.b. 60% en hlutur þeirra í heildarskuldum heimilanna hefur minnkað úr u.þ.b. 85% í u.þ.b. 75%. Mikil aukning gengisbundinna lána hefur því gert heimilin enn viðkvæmari en áður fyrir sveiflum á gengi krónunnar og veldur þetta mörgum heimilum nú umtalsverðum vanda.

Skuldabyrði yngra fólks er að jafnaði meiri en þeirra sem eldri eru. Samkvæmt tölum frá Hagstofu Íslands er skuldsettasti hópurinn fólk á fertugsaldri og voru meðalskuldir hjóna og sambúðarfólks á því aldursbili um 23 milljónir króna árið 2007 og þar af voru um 17 milljónir, eða um 75%, skuldir vegna íbúðarhúsnæðis.



Þegar skoðaðar eru tölur um skuldir sem hlutfall af ráðstöfunartekjum heimilanna má sjá að það hlutfall hefur aukist nokkuð undanfarin ár og var í árslok 2007 komið í tæplega 230%. Hlutfall skulda af ráðstöfunartekjum er hæst hjá yngra fólk, að meðaltali milli 250% og 300% hjá hjónum og sambúðarfólki á fertugsaldri. Þá eru

skuldir lág- og millitekjuhópa stærri hluti af ráðstöfunartekjum en hjá hátekjuhópum. Hátt hlutfall skulda af ráðstöfunartekjum gefur til kynna að heimilin eru viðkvæmari en ella fyrir breytingum á ráðstöfunartekjum sínum og líklegri til að lenda í greiðsluerfiðleikum ef tekjur lækka eða verðlag hækkar.

Skuldir sem hlutfall af eignum er einnig hæst meðal yngri aldurshópanna, hjá fólki á þrítugs- og fertugsaldri er þetta hlutfall að jafnaði yfir 75% sem gerir þessa hópa viðkvæmari fyrir lækkun á eignaverði og eykur líkur á að eignir standi ekki undir skuldum.

Ungt fólk og tekjulágir hópar eru þeir sem skuldsettastir eru og mesta hættan er á að lendi í greiðsluerfiðleikum. Þessir hópar eru viðkvæmir bæði fyrir tekjumissi og aukinni greiðslubyrði lána vegna verðbólgu og lágs gengis. Við þetta bætist lækkun á eignaverði og erfið staða á fasteigna- og bílamarkaði sem gerir heimilunum erfitt um vik að losa sig við eignir til að létta á skuldabyrði sinni.

Til þess að koma í veg fyrir mikla fjárhagslega erfiðleika heimilanna og minnka hættuna á gjaldþrotahrinu hjá fjölskyldum í landinu er forgangsmál að ná niður verðbólgu og styrkja gengi krónunnar að nýju. Til skamms tíma er nauðsynlegt að tryggja að heimilum sem sjá fram á greiðsluerfiðleika standi til boða fjárhagsráðgjöf og greiðsluerfiðleikaúrræði, s.s. frestun á afborgunum eða skuldbreyting lána. Mikilvægt er að hægt sé að grípa til slíkra úrræða með skjótum hætti áður en til vanskila kemur með tilheyrandi kostnaði og aukinni hættu á langvarandi fjárhagsvanda. Til að auka stuðning við ungt fólk og lág- og millitekjuhópa sem líklegastir eru til að lenda í greiðsluerfiðleikum við núverandi aðstæður er brýnt að auka vaxta- og barnabætur. Sömuleiðis geta sveitarfélögin komið til móts við þessa hópa með því að lækka eða afnema þjónustugjöld, s.s. í skólum, leikskólum og tómstundastarfi svo tryggt sé að erfið fjárhagsstaða heimilanna komi ekki fram í aukinni misskiptingu meðal barna og ungmenna.